



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Sjávarútvegsnefnd Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 121, 87*  
*komudagur 18/11 1996*

Reykjavík 15. nóvember 1996.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 57. mál.**

Fyrir nokkru barst Sjómannasambandi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, og átti umsögnin að liggja fyrir þann 11. nóvember sl. Vegna þings Sjómannasambands Íslands, sem haldið var dagana 6. til 8. nóvember tókst ekki að skila umsögn um frumvarpið í tæka tíð. Er vonast til að ekki komi að sök þó umsögnin berist of seint.

Sjómannasamband Íslands styður frumvarpið í megin atriðum, en telur að verði veiðiheimildum Íslendinga utan lögsögunnar úthlutað á einstök skip eigi að setja skilyrði um að þær veiðiheimildir verði ekki framseljanlegar. Að öðru leyti gerir Sjómannasamband Íslands ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

*Hólmgeir Jónsson*  
Hólmgeir Jónsson